



Gögn sem þurfa að fylgja umsókninni:

- Námsferill og staðfest afrit prófskírteina: Umsókninni skal fylgja greinagott yfirlit yfir námsferil, námskið og annað sem kann að skipta máli fyrir umsókn þessa. Einnig skal fylgja staðfest afrit prófskírteina eftir stúdentspróf.
- Starfsferill og ritaskrá: Einkum er mikilvægt að það komi fram ef umsækjendur hafa reynslu af rannsóknum eða öðrum störfum á sviði skyldu því sem sótt er um. Ritaskrá skal fylgja ef um útgefin verk (bækur, greinar, skýrslur o.s.frv.) umsækjenda er að ræða.
- Stutt greinargerð um markmið umsækjanda með náminu: Hér tilgreini umsækjendur í stuttu máli (mest ein blaðsíða) hvers vegna þeir hafa áhuga á því námi sem sótt er um (t.d. fræðileg áhugamál, áhugi á störfum að námi loknu o.s.frv.).
- Bréf frá tveimur meðmælendum: Í meðmælum skal koma fram almennt mat á hæfni umsækjanda, sterkar og veikar hliðar viðkomandi og mat meðmælanda á líklegri frammistöðu umsækjanda í námi í haf- og strandsvæðastjórnun og störfum að loknu námi. Fram þarf að koma hvernig meðmælandi þekkir umsækjanda, hversu lengi hann hefur þekkt viðkomandi og í hvaða samhengi.